

Kraftlyftingasamband Íslands

Reglugerð um agamál

1.gr. Skipun

Aganefnd Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) starfar samkvæmt lögum og reglugerðum KRAFT um agamál og leysir úr málum eftir ákvæðum þeirra laga og reglna. Aganefnd starfar í umboði stjórnar KRAFT. Stjórn KRAFT skipar aganefnd til tveggja ára í senn. Hún skal skipuð 3 mönnum og jafnmörgum til vara. Skal a.m.k. einn aðalmaður og varamaður hans vera löglærðir. Stjórn KRAFT tilnefnir formann nefndarinnar en að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum.

2. gr. Verkefni

Aganefnd skal úrskurða um þau atriði, sem svo er kveðið á um í lögum og reglugerðum KRAFT. Jafnframt úrskurðar nefndin um önnur mál sem stjórn KRAFT, framkvæmdastjóri eða stjórnir einstakra kraftlyftingafélaga/deilda beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna iðkunar og keppni í kraftlyftingum íslenskra kraftlyftingamanna.

3.gr. Starfshættir

Aganefnd heldur fund þá þegar þurfa þykir og boðar formaður fundinn. Aganefnd skal úrskurða í þeim málum sem berast henni skriflega. Nefndinni ber að taka mál fyrir innan tveggja vikna frá því að það berst henni með sannanlegum hætti og afgreiða það svo fljótt sem auðið er. Mál skulu berast til formanns nefndarinnar. Stjórn KRAFT skal fá afrit af öllum kærnum, svo og hinn kærði. Málsaðilum skal gefinn viku frestur til að skila skriflegri greinargerð ef þeir svo kjósa. Aganefnd getur heimilað munnlegan málflutning ef hún telur ástæðu til.

4.gr. Birting úrskurða

Aganefnd skal tilkynna með tölvupósti eða ábyrgðarbréfi úrskurð sinn til málsaðila þá þegar hún hefur úrskurðað í máli. Úrskurður aganefndar skal einnig birtur á heimasíðu KRAFT, www.kraft.is. Áhætta vegna mistaka við afhendingu tölvupósts hvílir á móttakanda enda hafi úrskurður verið sendur í samræmi við þær upplýsingar sem viðkomandi málsaðili hefur tilkynnt nefndinni þar um.

5. gr. Viðurlög

Félög, keppendur, forystumenn og aðrir sem koma að starfi KRAFT skulu jafnan sýna drengskap og forðast hvaðeina sem rýrt gæti álit almennings á íþróttinni og koma fram af hollustu, heiðarleika og sönnum íþróttanda. Þeir sem taka þátt í starfi kraftlyftingahreyfingarinnar skulu leitast við að gera ekkert það sem til vanvirðu má telja fyrir íþróttina. Sérhvert félag er ábyrgt fyrir framkomu keppenda sinna og allra þeirra sem hafa hlutverk á vegum þess í tengslum við mótahald og keppni.

Ef aganefnd telur að um ósæmilega hegðun hafi verið að ræða skal nefndinni heimilt að úrskurða viðkomandi aðila og/eða félag í viðurlög eftir eðli brotsins. Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið áminning, sekt að upphæð kr. 150.000, allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram eða brot var framið. Félag viðkomandi aðila, keppanda eða starfsmanns er ábyrgt fyrir sektargreiðslum.

Engum félagsmanni í aðildarfélagi að KRAFT er heimilt að keppa, dæma, starfa eða aðstoða keppendur á kraftlyftingamótum, innanlands eða erlendis, sem haldin eru á vegum aðila sem ekki eru aðilar að KRAFT eða viðurkennd af IPF án sérstaks leyfis KRAFT. Með sama hætti má enginn sem er í keppnisbanni eða sem ekki er skráður félagi í aðildarfélag KRAFT og í Felix skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ keppa, dæma, starfa eða aðstoða á kraftlyftingamótum sem haldin eru af aðildarfélagi KRAFT án sérstaks leyfis KRAFT. Viðurlög við brotum á ofangreindum reglum eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að tveggja ára keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.

Notkun ammóníaks í fljótandi formi er bönnuð á mótum á vegum aðildarféлага KRAFT. Ammóníak sem er ekki í fljótandi formi er leyfilegt en verður að vera í greinilega merktum umbúðum. Viðurlög við broti á ákvæði þessu eru ákveðin af aganefnd KRAFT. Þau geta verið allt að eins árs keppnisbann frá þeim tíma sem viðkomandi keppni fór fram.

Viðurlög við öðrum brotum en hér að ofan greinir geta verið keppnisbann í eitt ár, tvö ár, eða ævilangt og/eða sekt allt að kr. 150.000; áminning eða ávítur.

6.gr. Áfrýjun

Heimilt er að skjóta til dómstóls ÍSÍ úrskurðum aganefndar sem kveða á um að keppandi, þjálfari, dómari, starfsmaður eða félag skuli sæta keppnisbanni lengra en til eins árs eða sektum að hærri fjárhæð en kr. 100.000. Að öðru leyti verður úrskurðum aganefndar ekki áfrýjað.

7. Skýrslur

Aganefnd skal skila skýrslu til stjórnar KRAFT um starfsemi næstliðins árs í síðasta lagi mánuði fyrir Kraftlyftingaþing.

8.gr. Gildistaka

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum KRAFT og öðlast þegar gildi sbr. 18. grein þeirra laga.

Samþykkt af stjórn KRAFT 17. október 2013.